

85. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 17. mars 2026, kl. 15:00 á netinu.

Mættir: Jón Kort Ólafsson formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Hanna Valdís Hólmarsdóttir fulltrúi nemenda, Ida Semey fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

S. Guðrún Hauksdóttir og Íris Hauksdóttir mættu ekki og kölluðu ekki til varamenn.

Dagskrá

1. Starfsmannamál, auglýsingar

Skólameistari gerði grein fyrir því að tveir kennarar hefðu fengið námsleyfi næsta skólaár, Björk Pálmadóttir og Inga Eiríksdóttir. Að öllum líkindum verður Lísebet Hauksdóttir í veikindaleyfi á haustönn. Karólína Baldvinsdóttir listakennari kemur til baka úr námsleyfi en hefur óskað eftir að vera í 75% starfi. Þá hefur Ida Semey óskað eftir að minnka starfshlutfall í 50%. Það er því ljóst að auglýsa þarf eftir dönskukennara. Þá benti Lára einnig á að hún sjálf léti af störfum í lok mars á næsta skólaári.

2. Störf skólanefndar

Skólameistari lagði fram fundaðætlun skólanefndar og þá dagskrá sem þar hefur verið gert ráð fyrir. Nefndarfolk lýsti ánægju með áætlunina og samþykkti hana óbreytta.

3. Rekstrarniðurstaða fyrra árs

Elsa Guðrún Jónsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir rekstrarniðurstöðu síðasta árs. Ársreikningurinn kemur vel út og reksturinn innan marka.

4. Erlend og innlend verkefni

Ida sagði frá verkefnum sem eru í gangi. Nú eru fimm nemendur í námsferð í Gautaborg á Erasmus-styrk. Þau heimsækja listasöfn og vinna með listsköpun undir stjórn kennaranna Bergþórs og Ingu Þórunnar sem fylgdi hópnum. Þá heimsækja þau einnig skóla. Allir Erasmus-styrkir hafa verið nýttir, Ida sjálf er nýkomin af námskeiði frá Tenerife og Lára og Bergþór fara til Feneyja í næstu viku á námskeið. Þá er Nordplus-verkefnið „Að brúa huga og menningu gegnum sögur“ í gangi og mun hópur fara til Finnlands í vor og næsta haust munu nemendur koma hingað frá Finnlandi og Eistlandi. Hanna Valdís, fulltrúi nemenda, lýst yfir mikilli ánægju með þau tækifæri sem nemendur fá í skólanum til að ferðast og kynna annarri menningu og löndum. Lára nefndi að við hefðum fengið fjármagn til að kynna verðlaunaverkefnið „Nýsköpun í kennslu“ og hefur Ida ferðast í aðra skóla að kynna verkefnið. Þar kynnir hún hvernig við höfum fléttað heimsmarkmiðin inn í alla kennslu. Í kjölfar þessarar viðurkenningar höfum við fengið fjölmargar beiðnir um að taka á móti kennurum í starfsspeglun og eigum við von á 6 erlendum kennurum í næstu viku.

Sótt hefur verið um nýja styrki frá Nordplus og Erasmus en svara er ekki að vænta fyrir en í vor. Skipað hefur verið teymi fjögurra kennara og fjármálastjóra sem vinnur að

styrkumsóknum og utanumhaldi um verkefni.

5. Önnur mál

5.1 Hamingjumolar

Skólameistari sagði frá því að á kennarafundum væri fluttur hamingjumoli sem er í höndum kennara sem skiptast á að koma með innlegg. Þetta væri liður í því að efla hamingju og vellíðan.

5.2 Óveðursdagar

Skólameistari ræddi um óveðursdaga sem hafa verið nokkuð margir undanfarið. Það vinnulag sem orðið hefur til í skólanum leysir þann vanda sem skapast við það. Það ræðst af færni starfsfólks og nemenda til að fjarvinna.

5.3 Stofnun ársins

Skólameistari sagði frá því að skólinn hefði orðið í efsta sæti í Stofnun ársins í flokki minni ríkisstofnana og fékk hæstu einkunn allra þeirra 140 stofnana sem tóku þátt. Skólinn hefur verið í þremur efstu sætum í 12 ár samfleytt.

5.4 Miðannarvika

Skólameistari sagði frá verkefni sem nemendur unnu í miðannarviku þar sem þeir þýddu barnasögur úr ensku yfir á íslensku. Nemendur leiklásu sögurnar inn á tæplega 40 myndbönd sem börn geta hlustað og horft á.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:51.